

M-73/2017. Álit 11. apríl 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-73/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 16. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar við viðgerð á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. október 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 17. ágúst 2017 af seljanda en kaupverðið var 1.600.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Audi A1, árgerð 2012 og hafði verið ekin 79.000 km. á kaupdegi. Í reynsluakstri logaði gult ljós í mælaborði bifreiðarinnar að sögn álitsbeiðanda með svokölluðu „airbag tákni“. Aður en álitsbeiðandi setti fram kauptilboð í bifreiðina spurði álitsbeiðandi seljanda að eigin sögn hvað ljósið í mælaborðinu þýddi og segir seljanda hafa sagt ljósið hafa komið „í einhverju fíkti í stjórn consolnum og kannski þarf að skipta um skynjara“. Á grundvelli þessara upplýsinga segir álitsbeiðandi að gengið hafi verið frá kaupnum.

Þann 22. ágúst 2017 fór álitsbeiðandi með bifreiðina í álestur á viðurkenndu bifvélaverkstæði til að fá skorið úr um það hvaða bilun væri orsök á ljósinu í mælaborði bifreiðarinnar. Þar kom í ljós að svokölluð klukkufjöður þarfnaðist útskiptingar. Álitsbeiðandi fékk þær upplýsingar frá umboðsaðila að kostnaður við útskiptingu á klukkufjöður væri ekki undir 120.000 krónum að undanskildum bilanalestri sem kosti 7.900 krónur. Í kjölfarið fór álitsbeiðandi á bílasöluna sem hafði milligöngu um kaupin og fór fram á riftun kaupanna og til vara að seljandi greiddi viðgerðarkostnað vegna bilunarinnar, en seljandi hafnaði báðum kröfum álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi telur ljóst að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna og að seljandi hafi veitt rangar upplýsingar um þann galla. Umræddur galli felur að sögn álitsbeiðanda í sér að aðgerðarstýri bifreiðarinnar er óvirkt svo að virkni loftpúða, flautu, stjórnþúnaðar fyrir útvarp, hljómflutningstæki, farsíma, aksturstölvu og flautu, er engin. Þá telur álitsbeiðandi að seljanda, sem átti bifreiðina í tvö ár, hafi mátt vera ljóst að umþrætt bilun væri hvorki vegna fikts né skynjara fyrir loftpúða þar sem ekki gæti farið fram hjá ökumanni til lengri tíma að þessi virkni sé ekki til staðar í bifreiðinni. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi greiði að fullu viðgerðarkostnað vegna bilunarinnar sem álitsbeiðandi kveðst hafa fengið lækkaðan í 88.970 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 17. ágúst 2017 af seljanda fyrir 1.600.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2012 og var því um fimm ára og hafði verið ekin 79.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 17. ágúst 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kæruneftndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekki sé unnt að slá því föstu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Ekki liggur fyrir að seljanda hafi verið kunnugt um raunverulega ástæðu þess að gult ljós logaði í mælaborði bifreiðarinnar og er því ekki unnt að líta svo á með vissu að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli.

Nefndin telur hins vegar unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl., en ekki er gerð krafa um að seljandi hafi sýnt af sér gáleysi við upplýsingagjöf eða gefið rangar upplýsingar gegn betri vitund svo söluhlutur geti talist gallaður í skilningi ákvæðisins. Jafnvel þótt seljanda hafi ekki verið ljóst að upplýsingar væru rangar telur kæruneftndin að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna þar sem hún var ekki í samræmi við upplýsingar frá seljanda og umþrættar upplýsingar gátu haft áhrif á það kauptilboð sem álitsbeiðandi gerði í bifreiðina. Kæruneftndin álítur að álitsbeiðandi geti af þeim sökum krafist skaðabóta samkvæmt 33. gr. nkpl.

Álitsbeiðandi fór hins vegar ekki með bifreiðina í söluskoðun þrátt fyrir að rík ástæða hafi verið til þess vegna ljóssins sem logaði í mælaborði bifreiðarinnar. Mátti álitsbeiðandi við þessar aðstæður búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðinna viðgerða en sinnti þó ekki rannsóknarskyldu sinni, sbr. 3. mgr. 16. gr. nkpl. Verður álitsbeiðandi af þeim sökum að bera helming tjóns síns sjálfur en seljanda ber að greiða helming viðgerðarkostnaðarins, 44.485 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, 44.485 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson